

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**61. fundur, haldinn að Lyngási 12 Egilsstöðum, 17. janúar 2014**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir í fjarveru Jóhanns Þórhallssonar, Þórhallur Þorsteinsson og Skúli Björn Gunnarsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður. Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri þjóðgarðsins, var í símasambandi undir 2. lið.

**Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Fjármál**
- 3. Möðrudalur, bréf til sveitarfélaga**
- 4. Verndaráætlun Krepputungu, skipulag vinnu**
- 5. Önnur mál**

*Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.10.*

**1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 60. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

**2. Fjármál**

Þórður Ólafsson tengdist fundinum gegnum síma og fór yfir drög að rekstraráætlun sem hafði verið send svæðisráðsfulltrúum. Helstu tölur áætlunarinnar eru þessar:

Rekstrargjöld	
Laun	32.000.000
Önnur gjöld	25.700.000
<u>Eignakaup</u>	<u>500.000</u>
ALLS	58.200.000

Sértekjur eru áætlaðar 8.800.000

Gjöld umfr. sértekjur 49.400.000

Þessi áætlun gerir ráð fyrir óbreyttum fjölda í landvarðavikum frá síðasta ári og að mati þjóðgarðsvarðar nægir það til að halda sjó en þó er ljóst að Krepputunga hefur stækkað Austursvæðið umtalsvert. Í verndaráætlun Krepputungu verður að taka á hvernig þeim málum verður háttað til framtíðar.

Ekki liggur fyrir hvernig framkvæmdafé verður úthlutað milli svæða enda var mikill niðurskurður milli ára á fjárlögum og aðeins 90 m.kr. til framkvæmda í ár. Starfsfólk þjóðgarðsins er að skoða aðgerðaáætlun stjórnunar- og verndaráætlunar og þá framkvæmdaáætlun sem unnið var eftir í fyrra. Stjórn á eftir að fjalla um framkvæmdaáætlun og mun svæðisráð fá að segja sína skoðun á henni á næsta fundi. Kostnaður við vinnu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu verður tekinn af framkvæmdalið þjóðgarðsins.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við rekstraráætlunina eins og hún liggur fyrir.

### 3. Jaðarmiðstöð í Möðrudal, bréf til sveitarfélaga

Formaður sagðist hafa reifað málið á stjórnarfundum en stjórn hefði ákveðið að biða svara frá sveitarfélögum. Samþykkt að þjóðgarðsvörður sendi bréf f.h. Austursvæðis þjóðgarðsins til Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norðurlþings og Skútustaðahrepps þar sem óskað verður eftir aðkomu sveitarfélaga að uppbyggingu og rekstri jaðarmiðstöðvar í Möðrudal til að mæta aukinni umferð ferðamanna. Skúli Björn gerir uppkast í samráði við þjóðgarðsvörð og það verður sent öðrum svæðisráðsmönnum til skoðunar.

### 4. Verndaráætlun fyrir Krepputungu - undirbúningur

Verkið er á áætlun og þjóðgarðsvörður að vinna lýsingu á breytingunum sem ráðgert er að auglýsa snemma í febrúar. Drög verða send á svæðisráð og samþykkt að halda símafund um þau þegar þau liggja fyrir.

### 5. Önnur mál

#### a. Ályktun um niðurskurð á framlögum ríkisins til Vatnajökulþjóðgarðs.

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs harmar niðurskurð til Vatnajökulþjóðgarðs á fjárlögum 2014, á rekstrarfé en sérstaklega þó á framkvæmdafé. Frá stofnun þjóðgarðsins hafa stjórnvöld aldrei staðið við þær áætlanir um uppbyggingu sem lágu til grundvallar í upphafi. Hin síðari ár hefur fjármagn þó heldur vaxið ár frá ári þar til nú. Að draga úr framlögum til þjóðgarðsins er t.a.m. í hrópandi ósamræmi við árlega 20% fjölgun ferðamanna til landsins. Þá stangast niðurskurðurinn á við stækkun þjóðgarðsins. Vill svæðisráð í því sambandi sérstaklega minna á að Krepputunga bættist við Austursvæðið á síðasta ári. Í bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs hinn 20. mars 2013, þar sem stækkunin var samþykkt, var lögð áhersla á að henni fylgdu fjölgun heilsársstarfa, fjölgun landvarðastarfa og aukin kynning á starfsemi þjóðgarðsins. Þörfin til framkvæmda, bættrar aðstöðu og þjónustu sem og aukinnar landvörslu eykst með stækkun garðsins og vaxandi umferð. Niðurskurður á framlögum ríkisins til þjóðgarðsins er því óviðunandi og seinkar mikilvægri uppbyggingu á stærsta þjóðgarði Vestur-Evrópu.

#### b. Næsti fundur. Samþykkt að funda næst 13. febrúar kl. 16 en símafundur verður einnig haldinn þegar í lok janúar.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.30.*

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Ruth Magnúsdóttir